

153. fundur

Fundur var haldinn í skipulags- og byggingarnefnd Stykkishólmsbæjar mánudaginn 10. september 2012, kl. 20:00 , á 3. hæð ráðhússins, Hafnargötu 3.

Mætt voru: Hermundur Pálsson, Lára Gunnarsdóttir, Hinrik Hjartarson, Ásgeir Gunnar Jónsson og Katrín Gísladóttir. Auk þess sátu fundinn Þorbergur Bæringsson slökkviliðsstjóri og Bjarnfríður Vilhjálmsson sem ritaði fundargerð.

Formaður setti fund og stýrði.

Dagskrá.

1. Ægisgata 1, niðurrif og uppbygging á lóð.
Guðbrandur Björgvinsson sækir um f.h. lóðarhafa að stækka lóð sem nemur ræmu innan girðingar í suður , austur og norður sbr. uppdrátt og bréf dags. mars 2012. Ennfremur að rífa núverandi hús og steiptan vegg á lóð og byggja nýtt íbúðarhús og sbr. teikningar frá Varmamótum /Haraldi Valbergssyni B.F.Í., dags. 10.12.2011. Fyrir liggur neikvæð umsögn frá Húsafriðunarnefnd Ríkisins um niðurrif á húsi dags. 21.11. 2011, og 3 athugasemdir vegna grenndarkynningar sem fram fór 24. 10. 2011 til og með 25.11.2011. Lagðar fram hnitsettar mælingar af lóðum við Austurgötu 12, Ægisgötu 3 ásamt tillögu að lóðarstærð fyrir Ægisgötu 1.
Nefndin leggur til að svæðið verði deiliskipulagt og erindi um uppbyggingu á lóð ásamt niðurrifi og stækkun lóðar verði vísað í þá vinnu.
2. Ægisgata 11, viðbygging.
Sverrir Kristjánsson sækir um leyfi til að byggja viðbyggingu við rými sem kallað er bátaskýli samkvæmt teikningum eftir Lárus Pétursson dags. 1.09. 2012.
Nefndin samþykkir að grenndarkynna erindið fyrir eigendum húsa við Ægisgötu nr. 9 og 13.
3. Arnarborg 19, frístundahús.
Sigurjón Jónsson sækir um f.h. Skipavík leyfi til að byggja frístundahús við Arnarborg nr. 19, samkvæmt teikningum dags 1.02.2012. Stærð: 96,8 m².
Erindi samþykkt að uppfylltum skilyrðum.
4. Melrakkaey og Fagurey Breiðafirði, skipting á jörðum.
Bæring Guðmundsson f.h. meðeigenda Litla eyjafélagsins ehf, óskar eftir sér landnúmerum fyrir hólma er tilheyrir Melrakkaey og Fagurey, samkvæmt meðfylgjandi þinglýstum afsölum og bréfi dags. 10.09.2012.
Erindi samþykkt.

5. Nestún 16, leyfi fyrir geymsluskúr.

Ragnheiður Harpa Sveinsdóttir sækir um að staðsetja geymsluskúr til bráðabirgða við bílaplan , sbr. bréf og aftöðumynd dags. 9.09.2012.

Erindi samþykkt.

Fundi slitið kl. 21:20.

B.V.